



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

TÖLN1GR05

(Grunnáfangi í tölvunotkun)

Kennari	Puríður Ingvarsdóttir (thury@fsu.is)
---------	---

Áfangalýsing:

Í þessum grunnáfanga í tölvunotkun er aðalega farið yfir notkun á Office 365 forritum svo sem töflureiknum, ritvinnslu og PowerPoint. Ef tími vinnst til verður einnig farið í einfalda vefsíðugerð, teiknimyndaforrit (storyboard), hreyfimyndir, hljóðupptökur, kvikmyndaklippingar, notkun snjalltækja eða annað tengt almennri tölvunotkun í skóla. Áhersla verður á að efni áfangans komi nemendum að notum í námi sínu.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Nýtingarmögleikum ýmissa forrita
- Vefsíðum og smáforritum sem nýtast í námi

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Setja upp ritgerðir og verkefni í Word
- Setja upp gögn á skýran hátt í töflureikni
- Læra sjálfur á ný forrit
- Setja upp kynningar með mismunandi forritum
- Vinna hljóð og mynd sem nýtist við verkefnaskil

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- Vinna í hópi með aðstoð tölva og netsins
- Velja forrit sem henta við hvert tækifæri

Námsefni:

- Frá kennara og af netinu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	
1- 4	19. ágúst - 13. september	Kennsla hefst þri. 20. ágúst. Afmæli FSu, fös. 13. september.	
5 - 8	16. september - 11. október	Valdagur 9. október	
9 - 12	14. október - 8. nóvember	Haustfrí 17. - 18. október. Miðannarmat, lokaskil fimmt. 17. október.	
13 - 16	11. nóvember - 6. desember	Dimisjón, fös. 6. desember.	
17 - 19	9. desember - 20. desember	Síðasti kennsludagur mið. 11. desember. Námsmatsdagar 12. - 16. desember. Sjúkrapróf 16. desember. Brautskráning fös. 20. desember.	

Sérreglur áfangans:

- ✓ Skila þarf að lágmarki 90% af verkefnum annarinnar og fá 5 í lágmarkseinkun til að eiga möguleika á að standast.
- ✓ Ef verkefnum er skilað of seint dregst 0,5 af einkuninni fyrir hvern dag
- ✓ **Alltaf að hafa heyrnartól með sér sem nýtast til þess að hlusta á kennslumyndbönd.**
- ✓ Áfanginn er leiðsagnarmatsáfangi. Námsmat byggist upp á mati kennara þar sem horft er til verklags, vandvirkni og frágangs.
- ✓ Einkatölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum sem og búnaði skólans en er lítur að náminu ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni	Námsmat unnið jafnt og þétt yfir önnina á verkefnum.	80%
Virkni og vinnusemi	Metið eftir vinnuframlagi og sjálfstæði í tímum jafnt og þétt yfir önnina.	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 19.ágúst 2024, Þuríður Ingvarsdóttir